

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (XII).

1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1992/2006 frá 18. desember 2006 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 311/2007 frá 19. mars 2007 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, skulu gilda á Íslandi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. Reglugerðirnar skulu gilda á Íslandi.

Reglugerðirnar (EB) nr. 1992/2006 og nr. 311/2007 fjalla að hluta til um lífeyris-tryggingar, atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um lífeyristryggingar, atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Í reglugerð fjármálaráðuneytisins er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum.

2. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1992/2006, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 311/2007 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2007 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 26, 8. maí 2008, bls. 20, eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 20. ágúst 2008.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Fylgiskjal.**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 159/2007****frá 7. desember 2007****um breytingu á VI. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1992/2006 frá 18. desember 2006 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 311/2007 frá 19. mars 2007 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

VI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71):
„– **32006 R 1992**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1992/2006 frá 18. desember 2006 (Stjtið. ESB L 392, 30.12.2006, bls. 1).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72):
„– **32007 R 0311**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 311/2007 frá 19. mars 2007 (Stjtið. ESB L 82, 23.3.2007, bls. 6).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 392, 30.12.2006, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 82, 23.3.2007, bls. 6.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1992/2006 og 311/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1992/2006

frá 18. desember 2006

um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGID OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

2006, endurspeglar á réttan hátt í evrópsku samræmingarákvæðunum frá og með gildistökuábyrgð og hafi þannig í för með sér réttaröryggi varðandi samræmingu á sjúkrabótum, er nauðsynlegt að kveða á um að breytingarnar á I. og VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71, sem tengjast endurbótum á hollenskum sjúkratryggingakerfinu, gildi afturvirkir frá og með 1. janúar 2006.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 42. gr. og 308. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

- 4) Í sáttmálanum er ekki gert ráð fyrir öðrum heimildum en þeim sem um getur í 308. gr. til að gera viðeigandi ráðstafanir á sviði almannatrygginga fyrir aðra en launþega.

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

1. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ákvæðum I. viðauka, II. viðauka, II. viðauka a, IV. viðauka og VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 skal breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

- 1) Nauðsynlegt er að aðlagða vissa viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 svo hægt sé að taka tillit til breytinga á löggjöf tiltekinna aðildarríkja.

2. gr.

- 2) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 1408/71 til samræmis við það.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

- 3) Til að tryggja að grundvallarendurbætur á hollenska sjúkratryggingakerfinu, sem gilda frá og með 1. janúar

Ákvæði b-liðar 1. liðar og b-liðar 6. liðar viðaukans, sem varða Holland, gilda frá og með 1. janúar 2006, að undanskildum liðnum „Q. HOLLAND“, f-liður 1. liðar, sjötti undirliður VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71, eins og þeim er bætt við með b-lið 6. liðar viðaukans við þessa reglugerð, gilda frá dagsetningunni sem kveðið er á um í fyrstu málsgrein þessarar greinar.

⁽¹⁾ Álit frá 13. desember 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 14. nóvember 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvæðun ráðsins frá 18. desember 2006.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 18. desember 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J.-E. ENESTAM

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 1408/71 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „X. SVÍÐJÓÐ“ í I. hluta:

„X. SVÍÐJÓÐ

Einstaklingar, sem hafa tekjur af starfsemi og greiða eigin framlög af þessum tekjum í samræmi við 3. mgr. 3. kafla laga um framlög til félagslegra trygginga (2000:980), teljast sjálfstætt starfandi.“

- b) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „Q. HOLLAND“ í II. hluta:

„Q. HOLLAND

Þegar ákvarða á rétt til aðstoðar skv. 1. og 4. kafla III. bóls í þessari reglugerð merkir „aðstandandi“ maki, skráður sambýlismaki eða barn yngra en 18 ára.“

2. Eftirfarandi komi í stað þáttarins „R. AUSTURRÍKI“ í III. hluta II. viðauka:

„R. AUSTURRÍKI

Engar.“

3. Ákvæðum II. viðauka a er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „M. LITHÁEN“:

„M. LITHÁEN

- a) Félagslegur lífeyrir (5. gr. laga frá 2005 um félagslegar greiðslur frá ríkinu).

- b) Sérstakar aðstoðarbætur (15. gr. laga frá 2005 um félagslegar greiðslur frá ríkinu).

- c) Sérstakar bætur vegna flutnings fatlaðra sem eiga erfitt með að hreyfa sig (7. gr. laga frá 2000 um flutningsbætur).“

- b) Eftirfarandi stakur liður bætist við í þættinum „V. SLÓVAKÍA“ og núverandi liður verði a-liður:

„b) Félagslegur lífeyrir sem er veittur fyrir 1. janúar 2004.“

4. Í A-hluta III. viðauka falli 187. liður brott.

5. Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „V. SLÓVAKÍA“ í A-hluta:

„V. SLÓVAKÍA

Örorkulífeyrir fyrir einstakling, sem varð fatlaður sem barn og hefur alltaf verið talinn hafa lokið tryggingatímabilinu sem krafist er (70. gr. (2. mgr.) 72. gr. (3. mgr.) og 73. gr. (3. og 4. mgr.) laga nr. 461/2003 um félagslegar tryggingar, með áorðnum breytingum).“

- b) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „G. SPÁNN“:

„G. SPÁNN

Reglur um lækun starfslokaaldurs sjálfstætt starfandi einstaklinga sem stunda sjómennsku sem frá er greint í konungsúrskurði nr. 2390/2004 frá 30. desember 2004.“

c) Ákvæðum C-hluta er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi komi í stað þáttarins „V. SLÓVAKÍA“:

„V. SLÓVAKÍA

Eftirlifendalífeyrir (ekkná-, ekkla- og munaðarleysingjalífeyrir) en upphæð þeirra byggist á ellilífeyri, ellilífeyri áður en látið er af störfum eða örorkulífeyri sem hinn látni fékk áður greiddan.“

ii. Eftirfarandi komi í stað þáttarins „X. SVÍÐJÓÐ“:

„X. SVÍÐJÓÐ

Tekjutengdur ellilífeyrir (lög 1998:674) og lágmarkslífeyrir í formi ellilífeyris (lög 1998:702).“

d) Ákvæðum D-hluta er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi komi í stað i-liðar 1. liðar:

„i. Sænski lágmarkslífeyririnn og lágmarksbæturnar, sem koma í stað fulls lífeyris frá sænska ríkinu sem kveðið var á um samkvæmt löggjöf um lífeyri frá ríkinu sem var í gildi fyrir 1. janúar 1993, fullur lífeyrir frá ríkinu sem var veittur samkvæmt bráðabirgðareglum löggjafarinnar sem gilda frá þeim degi og sænskar tekjutengdar sjúkrabætur og ástundunargreiðslur.“

ii. Eftirfarandi komi í stað i-liðar 2. liðar:

„i. Sænskar sjúkrabætur og ástundunargreiðslur í formi lágmarksbóta (lög 1962:381, eins og þeim var breytt með lögum 2001:489), eftirlifendalífeyrir, eins og hann er reiknaður á grundvelli viðurkenndra tímabila (lög 2000:461 og 2000:462) og sænskur ellilífeyrir í formi lágmarkslífeyris sem er reiknaður út á grundvelli tímabila sem hafa þegar verið færð til tekna (lög 1998:702).“

iii. Ákvæðum 3. liðar er breytt sem hér segir:

— Eftirfarandi komi í stað a-liðar 3. liðar:

„a) Samningur Norðurlandanna frá 18. ágúst 2003 um félagslegt öryggi.“

— Eftirfarandi liður bætist við:

„c) Samningur frá 10. nóvember 2000 milli Lýðveldisins Finnlands og Stórhertogadæmisins Lúxemborgar um félagslegt öryggi.“

6. Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „E. EISTLAND“:

„E. EISTLAND

Við útreikninga á foreldrabótum skulu starfstímabil í aðildarríkjum öðrum en Eistlandi talin byggja á sömu meðalupphæð tryggingagjalda og var greidd á starfstímabilum í Eistlandi sem þeim er bætt við. Ef einstaklingurinn hefur aðeins verið í starfi í öðrum aðildarríkjum á viðmiðunarárinu skal útreikningur bótaanna teljast byggja á meðalupphæð tryggingargjalds sem greitt er í Eistlandi milli viðmiðunarársins og fæðingarorlofsins.“

b) Eftirfarandi komi í stað 1. liðar í þættinum „Q. HOLLAND“:

„1. Sjúkratryggingar

- a) Hvað varðar rétt á aðstoð samkvæmt hollenskum lögum merkir hugtakið einstaklingar sem eiga rétt á aðstoð að því er varðar framkvæmd 1. og 4. kafla III. bóls í þessari reglugerð:
- i. einstaklingar sem ber, skv. 2. gr. Zorgverzekeringswet (sjúkratryggingalaga), skylda til að kaupa sér tryggingu hjá sjúkratryggingafélagi
 - og
 - ii. einstaklingar sem eru búsettir í öðru aðildarríki, svo framarlega sem þeir falla ekki þegar undir i. lið, og eiga, samkvæmt þessari reglugerð, rétt á heilbrigðisþjónustu í búseturíkinu á kostnað Hollands.
- b) Einstaklingarnir, sem um getur í a-lið i. liðar, verða, í samræmi við ákvæði Zorgverzekeringswet (sjúkratryggingalaga), að kaupa sér tryggingu hjá sjúkratryggingafélagi og einstaklingarnir, sem um getur í a-lið ii. liðar, verða að skrá sig hjá College voor zorgverzekeringen (sjúkratryggingaráði).
- c) Ákvæði Zorgverzekeringswet (sjúkratryggingalaga) og Algemene wet bijzondere ziektekosten (laga um almenna tryggingu vegna sérstakra læknisútgjalda) um ábyrgð vegna greiðslu iðgjalda gilda um þá einstaklinga sem um getur í a-lið og aðstandendur þeirra. Iðgjöld vegna aðstandenda skulu lögð á þann einstakling sem réttur til heilbrigðisþjónustu er leiddur frá.
- d) Ákvæði Zorgverzekeringswet (sjúkratryggingalaga) um síðbúnar tryggingar gilda, að breyttu breytanda, ef um er að ræða síðbúna skráningu hjá College voor zorgverzekeringen (sjúkratryggingaráði) að því er varðar einstaklinga sem um getur í a-lið ii. liðar.
- e) Einstaklingar, sem eiga rétt á aðstoð samkvæmt löggjöf aðildarríkis annars en Hollands, sem setjast að í Hollandi eða dvelja tímabundið í Hollandi, skulu eiga rétt á aðstoð í samræmi við þá skilmála sem stofnanir á búsetu- eða dvalarstað bjóða tryggðum einstaklingum í Hollandi, með hliðsjón af 1., 2. og 3. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 19. gr. Zorgverzekeringswet (sjúkratryggingalaga), sem og rétt á aðstoð sem kveðið er á um í Algemene wet bijzondere ziektekosten (lögum um almenna tryggingu vegna sérstakra læknisútgjalda).
- f) Að því er varðar 27.34. gr. þessarar reglugerðar skal lífeyrir teljast lífeyrir sem greiða ber samkvæmt ákvæðum í b-lið (örorka) og c-lið (elli) yfirlýsingar Konungsríkisins Hollands, eins og kveðið er á um í 5. gr. þessar reglugerðar:
- lífeyrir sem úthlutað er samkvæmt lögum frá 6. janúar 1966 um lífeyri fyrir opinbera starfsmenn og eftirlifendur þeirra (Algemene burgerlijke pensioenwet) (lög um lífeyri fyrir opinbera starfsmenn í Hollandi),
 - lífeyrir sem úthlutað er samkvæmt lögum frá 6. október 1966 um lífeyri fyrir hermenn og eftirlifendur þeirra (Algemene militaire pensioenwet) (lög um lífeyri fyrir hermenn),
 - lífeyrir sem úthlutað er samkvæmt lögum frá 15. febrúar 1967 um lífeyri fyrir starfsfólk hollenska járnbrautafélagsins (NV Nederlandse Spoorwegen) og eftirlifendur þeirra (Spoorwegpensioenwet) (lög um lífeyri járnbrautarstarfsmanna),
 - lífeyrir sem er úthlutað samkvæmt reglugerð um ráðningarkjör hjá hollenska járnbrautafélaginu (Dienstvoorwaarden Nederlandse Spoorwegen),
 - bætur sem eru veittar einstaklingum á eftirlaunum fyrir 65 ára eftirlaunaaldur samkvæmt lífeyriskerfi en tilgangur þess er að veita fyrrum launþegum tekjur á elliárum eða bætur sem eru veittar einstaklingum sem hverfa of snemma af vinnumarkaði, samkvæmt kerfi sem ríkið kemur á fót eða kjarasamningum fyrir einstaklinga sem eru 55 ára og eldri,
 - bætur sem er úthlutað hermönnum og opinberum starfsmönnum samkvæmt kerfi sem gilda ef um er að ræða uppsögn, jafngreiðslulífeyri og snemmtekin eftirlaun.
- g) Að því er varðar 1. og 4. kafla III. bóls í þessari reglugerð teljast bæturnar, sem einstaklingur getur fengið samkvæmt hollensku kerfi, þegar um er að ræða takmarkaða notkun á heilbrigðiskerfinu, sjúkrabætur í peningum.“
- c) Eftirfarandi komi í stað 1. og 2. liðar í þættinum „W. FINNLAND“:
- „1. Við beitingu a-liðar 2. mgr. 46. gr. að því er varðar útreikninga á tekjum á tímabilum sem eru færð til tekna samkvæmt finnskri löggjöf um tekjutengdan lífeyri, þegar einstaklingur hefur lokið lífeyrstryggingatímabilum, sem byggja á atvinnu í öðru aðildarríki fyrir hluta

viðmiðunartímabilsins samkvæmt finnskri löggjöf, skulu tekjur á því tímabili, sem er fært til tekna, vera jafnar heildarfjárhæð tekna sem aflað var á viðmiðunartímabilinu í Finnlandi, deilt með fjölda mánaða tryggingartímabila í Finnlandi á viðmiðunartímabilinu.“

3., 4. og 5. liður skulu endurtölusetir sem 2., 3. og 4. liður.

d) Þættinum „X. SVÍPJÓÐ“ er breytt sem hér segir:

i. Ákvæði 1. liðar falli brott.

ii. Eftirfarandi komi í stað 2. liðar:

„1. Ákvæði þessarar reglugerðar um söfnun trygginga- eða búsetutímabila gilda ekki um bráðabirgðaákvæðin í sænskri löggjöf um rétt til lágmarkslífeyris fyrir einstaklinga sem eru fæddir 1937 eða fyrr og hafa verið búsettir í Svíþjóð í tilgreindan tíma áður en þeir sækja um lífeyri (lög 2000:798).“

iii. Eftirfarandi komi í stað 3. liðar:

„2. Að því er varðar útreikninga á grunntekjum fyrir tekjutengdar sjúkrabætur og ástundunargreiðslur í samræmi við 8. kafla lag (1962:381) om allmän försäkring (лага um almannatryggingar) gildir eftirfarandi:

a) ef hinn tryggði hefur, á viðmiðunartímabilinu, einnig fallið undir löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja vegna starfs sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur skulu tekjur í hlutaðeigandi aðildarríki eða aðildarríkjum teljast vera jafngildar meðalbrúttótekjum hins tryggða í Svíþjóð á hluta viðmiðunartímabilsins í Svíþjóð, reiknað út með því að deila tekjum í Svíþjóð með þeim fjölda ára þegar þessara tekna var aflað,

b) ef bætur er reiknaðar út í samræmi við 40. gr. þessarar reglugerðar og einstaklingar eru ekki tryggðir í Svíþjóð skal viðmiðunartímabilið ákvarðað í samræmi við 2. og 8. lið 8. kafla í framangreindum lögum, eins og hlutaðeigandi einstaklingur væri tryggður í Svíþjóð. Hafi hlutaðeigandi einstaklingur ekki lífeyrisskapandi tekjur á þessu tímabili samkvæmt lögum um tekjutengdan ellilífeyri (1998:674) má viðmiðunartímabilið miðast við fyrri tímupunkt þegar hinn tryggði einstaklingur hafði tekjur af starfsemi í Svíþjóð.“

iv. Eftirfarandi komi í stað 4. liðar:

„3. a) Réttur til eftirlífendalífeyris í samræmi við sænska löggjöf er háður því að hinn látni hafi verið tryggður í þrjú ár af næstliðnum fimm almanaksárum fyrir andlátinu (viðmiðunartímabilið); ef þessi krafa er ekki uppfyllt er við útreikning á áætlaðri lífeyriseign vegna tekjutengds eftirlífendalífeyris tekið tillit til tryggingatímabila sem var lokið í öðru aðildarríki eins og þeim hefði verið lokið í Svíþjóð. Tryggingatímabil, sem er lokið í öðrum aðildarríkjum, skulu talin byggja á meðaltali þeirra tekna í Svíþjóð sem veita rétt til lífeyris. Ef hlutaðeigandi einstaklingur hefur aðeins lokið einu ári í Svíþjóð, sem veitir rétt til lífeyris, skal reikna öll tryggingatímabil í öðrum aðildarríkjum með sömu fjárhæð.

b) Réttur til ekknalífeyris í samræmi við sænska löggjöf er háður því að lífeyrisstigum hafi verið safnað í tvö af næstliðnum fjórum árum fyrir andlát hins tryggða (viðmiðunartímabil); ef ekki er farið að þessari kröfu og hafi hinn tryggði lokið tryggingatímabilum í öðru aðildarríki á viðmiðunartímabilinu skal litið svo á, við útreikning á áætluðum lífeyrisstigum, sem veita rétt til ekknalífeyris við andlát eftir 1. janúar 2003, að þessi ár byggji á sama fjölda lífeyrisstiga og þau ár sem er lokið í Svíþjóð.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 311/2007

frá 19. mars 2007

um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽¹⁾, einkum 122. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tiltekin aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra hafa farið fram á að viðaukum við reglugerð (EBE) nr. 574/72 verði breytt.
- 2) Fyrirhugaðar breytingar eru tilkomnar vegna ákvarðana sem viðkomandi aðildarríki hafa tekið eða lögbær yfirvöld þeirra sem tilnefna þau yfirvöld sem er skylt að sjá til þess að löggjöf um almannatryggingar sé framkvæmd í samræmi við lög Bandalagsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. mars 2007.

3) Í 9. viðauka við þá reglugerð er skrá yfir kerfi sem taka skal tillit til við útreikning á meðaltali ársútgjalda vegna veittrar aðstoðar í samræmi við 94. gr. og 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72.

4) Fengist hefur samhljóða álit framkvæmdaráðs um félagslegt öryggi farandlaunþega.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 1.–5. viðauka, 7., 9. og 10. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 574/72 er breytt til samræmis við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vladimír ŠPIDLA

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006 (Stjóð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).

VIDAUKI

1. Ákvæðum 1. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „C. Danmörk“:

„C. DANMÖRK:

1. Socialministeren (félagsmálaráðherra), København
2. Beskæftigelsesministeriet (atvinnumálaráðuneytið), København
3. Indenrigs- og Sundhedsministeriet (innanríkis- og heilbrigðismálaráðuneytið), København
4. Finansministeren (fjármálaráðherra), København
5. Ministeren for Familie- og Forbrugeranliggender (fjölskyldu- og neytendamálaráðherra), København“

b) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „S. PÓLLAND“:

„S. PÓLLAND:

1. Minister Pracy i Polityki Społecznej (atvinnu- og félagsmálaráðherra), Warszawa
2. Minister Zdrowia (heilbrigðisráðherra), Warszawa“

c) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „Y. BRESKA KONUNGRÍKID“:

„Y. BRESKA KONUNGRÍKID:

1. Secretary of State for Work and Pensions (innanríkisráðherra fyrir atvinnu- og lífeyrismál), London
- 1a. Secretary of State for Health (heilbrigðisráðherra), London
- 1b. Commissioners of HM Revenue and Customs or their official representative (ríkisskattstjórar og tollayfirvöld eða opinber fulltrúi þeirra), London
2. Secretary of State for Scotland (ráðherra sem fer með málefni Skotlands), Edinburgh
3. Secretary of State for Wales (ráðherra sem fer með málefni Wales), Cardiff
4. Department for Social Development (ráðuneyti félagslegrar þróunar), Belfast
Department of Health, Social Services and Public Safety (ráðuneyti heilbrigðismála, félagsmála og almannaöryggis), Belfast
5. Principal Secretary, Social Affairs (aðalritari félagsmála), Gibraltar
6. Chief Executive of the Gibraltar Health Authority (aðalframkvæmdastjóri heilbrigðismála á Gibraltar)“

2. Ákvæðum 2. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Þættinum „C. DANMÖRK“ er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað a-liðar:

„a) Veikindi og meðganga og fæðing:

i. Aðstoð:

1. Almennt:

Þar til bært hérað

2. Fyrir krefjendur um lífeyri og lífeyrisþega og aðstandendur þeirra sem búa í öðru aðildarríki, sjá ákvæði 4. og 5. þáttar 1. kafla III. bóls reglugerðarinnar og 28.–30. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:

Den Sociale Sikringsstyrelse (stjórn almannatrygginga), København

ii. bætur í peningum:

Yfirvöldin í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn er búsettur“

b) Þættinum „I. ÍRLAND“ er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað 1. liðar:

„1. Aðstoð:

— Health Service Executive Dublin-Mid Leinster (heilbrigðisstjórn Dublin-Mid Leinster), Tullamore, County Offaly

— Health Service Executive Dublin-North East (heilbrigðisstjórn Dublin-North East), Kells, County Meath

— Health Service Executive South (heilbrigðisstjórn South), Cork

— Health Service Executive West (heilbrigðisstjórn West), Galway“

c) Þættinum „J. ÍTALÍA“ er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað liðar 3. B:

„B. Sjálfstætt starfandi einstaklingar:

a) Til lækna:

Ente nazionale di previdenza ed assistenza medici (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir lækna)

b) Til lyfjafræðinga:

Ente nazionale di previdenza ed assistenza farmacisti (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir lyfjafræðinga)

c) Til dýralækna:

Ente nazionale di previdenza ed assistenza veterinari (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir dýralækna)

d) Til hjúkrunarfræðinga, aðstoðarfólks í heilbrigðisþjónustu og barnahjúkrunarfræðinga:

Ente nazionale di previdenza ed assistenza della professione infermieristica (ENPAP) (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir umönnunarstéttir)

e) Til verkfræðinga og arkitekta:

Cassa nazionale di previdenza ed assistenza per gli ingegneri ed architetti liberi professionisti (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir verkfræðinga og arkitekta)

f) Til landmælingamanna:

Cassa italiana di previdenza dei geometri liberi professionisti (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir land-

- mælingamenn)
- g) Til lögmanna og málaflutningsmanna: Cassa nazionale di previdenza ed assistenza forense (opinber félagsmálasjóður fyrir lögmenn og málaflutningsmenn)
- h) Til hagfræðinga: Cassa nazionale di previdenza ed assistenza a favore dei dottori commercialisti (opinber félagsmálasjóður fyrir hagfræðinga)
- i) Til endurskoðenda: Cassa nazionale di previdenza ed assistenza a favore dei ragionieri e periti commerciali (opinber félagsmálasjóður fyrir endurskoðendur)
- j) Til ráðgjafa á sviði ráðningamála: Ente nazionale di previdenza ed assistenza per i consulenti del lavoro (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir ráðgjafa á sviðið ráðningamála)
- k) Til lögbókenda: Cassa nazionale notariato (opinber félagsmálasjóður fyrir lögbókendur)
- l) Til tollmiðlara: Fondo nazionale di previdenza per gli impiegati delle imprese di spedizione e delle agenzie (FASC) (opinber félagsmálasjóður fyrir tollmiðlara)
- m) Til líffræðinga: Ente nazionale di previdenza ed assistenza a favore dei biologi (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir líffræðinga)
- n) Til tæknimenntaðra manna og ráðunauta í landbúnaði: Ente nazionale di previdenza per gli addetti e per gli impiegati in agricoltura (opinber félagsmálasjóður fyrir tæknimenntaða menn og ráðunauta í landbúnaði)
- o) Til sölufulltrúa: Ente nazionale di assistenza per gli agenti e i rappresentanti di commercio (opinber félagsmálasjóður fyrir sölufulltrúa)
- p) Til sérfræðinga í iðnaði: Ente nazionale di previdenza dei periti industriali (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir sérfræðinga í iðnaði)
- q) Til tryggingafræðinga, efnifræðinga, jarðræktarfræðinga, skógfræðinga og jarðfræðinga: Ente nazionale di previdenza ed assistenza pluricategoriale degli agronomi e forestali, degli attuari, dei chimici e dei geologi (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir tryggingafræðinga, efnifræðinga, jarðræktarfræðinga, skógfræðinga og jarðfræðinga)
- r) Til sálfræðinga: Ente nazionale di previdenza ed assistenza per gli psicologi (opinber félagsmálaskrifstofa fyrir sálfræðinga)
- s) Til blaðamanna: Istituto nazionale di previdenza ed assistenza dei giornalisti italiani (opinber félagsmálastofnun fyrir ítalska blaðamenn)
- t) Til sjálfstætt starfandi einstaklinga í landbúnaði, handverki og viðskiptum: Istituto nazionale della previdenza sociale — sedi provinciali (opinber almannatryggingastofnun, INPS-umdæmisskrifstofur)⁴
- d) Þættinum „Q. HOLLAND“ er breytt sem hér segir:
- Eftirfarandi komi í stað 1. liðar:
- „1. **Veikindi og meðganga og fæðing:**
- a) Aðstoð: — til einstaklinga sem, skv. 2. gr. sjúkratryggingalaganna, ber skylda til að kaupa sér tryggingu hjá sjúkratryggingafélagi: félaginu sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur keypt sjúkratryggingu af í skilningi sjúkratryggingalaganna eða

- til einstaklinga sem ekki falla undir liðinn hér að framan og búa erlendis og eiga, samkvæmt reglugerðinni eða EES-samningnum eða samningnum við Sviss um frjálsa för einstaklinga, rétt á heilbrigðisþjónustu í búsetulandi sínu samkvæmt hollenskri löggjöf:
1. Skráning og innheimta lögboðinna iðgjalda: College voor zorgverzekering in Diemen eða
 2. Heilbrigðisþjónusta: Agis Zorgverzekering, Amersfoort
- b) Bætur í peningum: Uitvoeringsinstituut Werknemersverzekeringen, Amsterdam (tryggingastofnun launþega), Amsterdam
- c) Sjúkratryggingagreiðslur: Belastingdienst Toeslagen, Utrecht*
- e) Þættinum „S. PÓLLAND“ er breytt sem hér segir:
- Eftirfarandi komi í stað 6. liðar:
- „6. Fjölskyldubætur: þar til bær héraðsmiðstöð fyrir félagsþjónustu á búsetu- eða dvalarstað einstaklinga sem á rétt á bótum“
- f) Þættinum „X. SVÍÐJÓÐ“ er breytt sem hér segir:
- Eftirfarandi komi í stað 1. liðar:
- „1. Í öllum öðrum tilvikum en vegna atvinnuleysisbóta:
- a) Almennt: Försäkringskassans länsorganisation (héraðsskrifstofur almannatryggingastofnunar) sem eru til þess bærar að fjalla um umsókn
 - b) Til sjómanna sem ekki eru búsettir í Svíþjóð: Försäkringskassans länsorganisation Västra Götaland (almannatryggingastofnun, Vestur-Gautland) fyrir öll mál önnur en lífeyri, sjúkrageiðslur og ástundunargreiðslur og langtímagreiðslur vegna vinnuslysa
 - c) Við beitingu 35.- 59. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar til einstaklinga sem ekki eru búsettir í Svíþjóð: Försäkringskassan länsorganisation (héraðsskrifstofur almannatryggingastofnunar), Götaland
 - d) Við beitingu 60.- 77. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar til einstaklinga, þó ekki sjómanna, sem ekki eru búsettir í Svíþjóð: Försäkringskassan (almannatryggingastofnun) á þeim stað þar sem vinnuslysið varð eða atvinnusjúkdómur kom upp

- e) Við beitingu 60. - 77 gr. framkvæmdarreglugerðarinnar til sjómanna sem ekki eru búsettir í Svíþjóð: Försäkringskassan länsorganisation (héraðsskrifstofur almennatryggingastofnunar), Götaland“

- g) Þættinum „Y. BRESKA KONUNGRÍKID“ er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað 3. liðar:

„3. **Fjölskyldubætur:**

- | | |
|-------------------|--|
| — Stóra-Bretland: | HM Revenue, Child Benefit Office (ríkisskattstjóri, barnabótadeild), Newcastle upon Tyne |
| | HM Revenue and Customs, Tax Credit Office (ríkisskattstjóri og tollayfirvöld, skattfrádráttardeild), Preston |
| — Norður-Írland: | HM Revenue, Child Benefit Office (NI) (ríkisskattstjóri og tollayfirvöld, barnabótadeild, (NI)), Belfast |
| | HM Revenue and Customs, Tax Credit Office (ríkisskattstjóri og tollayfirvöld, skattfrádráttardeild), Belfast |
| — Gíbraltar: | Principal Secretary, Social Affairs (aðalritari félagsmála), Gibraltar“ |

3. Ákvæðum 3. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Þættinum „C. DANMÖRK“ er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað II. liðar:

„II. *STOFNANIR Á DVALARSTAÐ*

a) **Veikindi og meðganga og fæðing:**

- | | |
|---|--|
